

Ed.

### 325. Nefndarálit

um frumv. til laga um heimild handa hæjar- og sveitarstjórnnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o. fl.

Frá bjargráðanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og vill ráða háttvirtri deild til að samþykkja það með eftirfarandi breytingum, sem gerð verður grein fyrir í fram-sögunni.

#### BREYTINGARTILLOGUR.

1. Við 1. gr.
  - a) Orðin »svo margir« falli burt.
  - b) Fyrir »lagt niður« komi:  
lagt svo niður.
  - c) Fyrir »íbúar á þeim stað« komi:  
almennigur.
  - d) Orðin »á staðnum« falli burt.
2. — 2. gr. Fyrir orðin »Endurgjald skal ... manna« komi:  
Endurgjald ákveða tveir óvilhallir, dómkvaddir menn.
3. — 3. — Fyrir »Matið« komi:  
Mat samkvæmt 2. gr.
4. — 4. — Í staðinn fyrir »áfrýjun gerðarinnar« komi:  
kröfu um yfirmat.
5. — 5. —
  - a) Fyrir »áfrýja« komi:  
ekki hlíta.
  - b) Fyrir »gert það« komi:  
krafist yfirmats.
  - c) 3. málsgrein orðist svo:  
Sá, er yfirmats hefir krafist, greiði kostnað af því, þó greiði eignarnemi kostnaðinn, ef gerðarþoli hefir beðið um yfirmat og matsverðið hækkað um 10% eða meira.
6. — 6. — Fyrir »yfirheyra aðra ... þörf er á« komi:  
öðrum, ef þörf krefur.
7. — 7. — Fyrir »eftir á« komi:  
fyrir fram.
8. — 10. — Fyrir »tveggja« komi:  
þriggja.

Alþingi, 6. ágúst 1917.

Sig. Eggerz, Karl Einarsson, Jóh. Jóhannesson.  
form. skrifari og framsm.

Guðm. Ólafsson. Guðjón Guðlaugsson.